



Forvarnarhópur Dalabyggðar

Samantekt yfir skólaárið 2024/2025

Forvarnarhópur Dalabyggðar tók formlega til starfa síðastliðið haust og var erindisbréf samþykkt af félagsmálanefnd og í sveitarstjórn í september 2024.

Fyrsti fundur hópsins var haldinn þann 9. október og hefur hópurinn alls fundað átta sinnum á skólaárinu en lagt hefur verið upp með að hittast einu sinni í mánuði á meðan Auðarskóli starfar. Fundirnir hafa oftast verið í gegnum fjarfundarkerfið Teams en einnig hefur hópurinn fundað í Stjórnsýsluhúsinu.

Fyrsta verkefni hópsins var að undirbúa gerð forvarnarstefnu fyrir Dalabyggð.

Ungmennaráð Dalabyggðar var fengið til að yfirfara og samþykkja stefnuna, auk þess sem hún var samþykkt bæði hjá félagsmálanefnd og af sveitarstjórn í mars síðastliðnum. Stefnan er í gildi fram til ársins 2027 og er markmið hennar að standa vörð um hagsmuni barna og ungmenna í Dalabyggð fram að 18 ára aldri. Stefnt er að auknu og markvissara forvarnarstarfi í sveitarfélaginu sem og samstarfi þeirra sem koma að málefnum barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra.

Samfélagslögreglan á Vesturlandi hefur verið með markvissa og skipulagða dagskrá og verið reglulega með fræðslu í Auðarskóla á skólaárinu. Markmiðið er að efla bæði öryggi og þekkingu barna og ungmenna sem hafa fengið fjölbreytta forvarnarfræðslu, sem dæmi um ofbeldi, netöryggi, netmiðla og samskipti. Allir árgangar hafa fengið fræðslu eftir ákveðnu þema sem hæfir þeirra aldri. Til dæmis fékk elsti árgangurinn fræðslu um sakhæfisaldur. 5. bekkur tók þátt í umferðargetraun og leikskólinn fékk heimsókn þar sem allir fengu endurskinsmerki og litabækur.

Fenginn var fyrirlestur í Auðarskóla í mars fyrir elsta stig þar sem lögð var áhersla á hugrekki, valdeflingu og jákvæðni. Seinna sama dag bauðst foreldrum einnig að hlusta á fyrirlesturinn.

Þá hafa hin ýmsu málefni auk þess verið rædd og reynt hefur verið að kortleggja stöðuna og þær áskoranir sem við glímum við og hvaða þætti þarf að leggja meiri áherslu á í okkar samfélagi.